

# **Þingskjal 1**

Fjárhagsnefnd

## **Íþróttabandalag Reykjavíkur**

**Fjárhagsáætlun  
2017 og 2018**

<b>Rekstrartekjur</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>
Framlög og styrkir borgarsjóðs	884.000	920.000
Útbreiðslustyrkur ÍSí,Lottó og Getraunir	115.000	115.000
Rekstrartekjur Skautahallar	82.000	71.000
Þjónustutekjur v/Reykjavíkumaraþon	48.000	49.500
Rekstrartekjur Framkvæmdasjóðs	23.000	23.500
Aðrar tekjur og framlög	40.000	42.000
Fjármagnstekjur	5.500	5.700
	<hr/>	<hr/>
<b>Tekjur:</b>	<b>1.197.500</b>	<b>1.226.700</b>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Úthlutaðir styrkir	833.000	874.000
Úthlutaðar Lottótekjur	98.000	99.500
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	120.000	125.000
Ýmis íþróttatengd starfsemi	25.000	26.000
Rekstrarkostnaður Framkvæmdasjóðs	18.000	11.000
Rekstrargjöld Skautahallar	68.000	69.000
Vextir og fjármagnstekjuskattur	5.000	6.000
Afskriftir	16.000	5.000
	<hr/>	<hr/>
<b>Gjöld:</b>	<b>1.183.000</b>	<b>1.215.500</b>
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>14.500</b>	<b>11.200</b>

**Þjónustugjald aðildarfélaga til ÍBR**  
**Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.**

**48. þing ÍBR, haldið 22.-23. mars 2017, samþykkir að þjónustugjald aðildarfélaga ÍBR til bandalagsins verði 125 krónur á hvern félag, 18 ára og eldri.**

Greinargerð:

Um er að ræða 25% hækkun á gjaldi sem hefur verið óbreytt frá árinu 2011. Þessi hækkun er í samræmi við almennar verðlagshækkanir.

## **Tillaga um breytingu á lögum ÍBR**

### **Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.**

#### **48. þing ÍBR, haldið 22.-23. mars 2017, samþykkir eftirfarandi breytingar á lögum ÍBR:**

Breytingar á 8. grein og 20. grein vegna sérráða þar sem lagt er til að yfirstrikaður texti falli út:

#### **8. grein**

Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal framkvæmdastjórn ÍBR, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

Til að framfylgja eftirlitsskyldu sinni skal ÍBR hafa fullan aðgang að bókhaldi og fylgiskjölum sambandsaðila sinna og ef ástæða þykir til getur framkvæmdastjórn tilnefnt sérstakan skoðunarmann reikninga fyrir aðildarfélag/~~sérráð~~ og fyrirskipað ítarlega rannsókn á fjárreiðum viðkomandi aðila. Aðildarfélag/~~sérráð~~ getur krafist þess að ÍBR feli löggiltum endurskoðanda að kanna bókhaldsgögnin.

#### **20. grein**

Stofna má sérráð sem fjallar um sérfræðileg málefni íþróttagreinar innan ÍBR. Um starfsemi sérráðs skal gera starfsreglur sem samþykktar eru af framkvæmdastjórn ÍBR og kynntar viðkomandi sérsambandi. Endanleg niðurröðun móta á bandalagssvæðinu og val keppenda á utanhéraðsmót er háð samþykki framkvæmdastjórnar ÍBR, ef um er að ræða lið, sem keppir í nafni bandalagsins eða Reykjavíkur. Sérráð lúta fjárhagslegri yfirstjórn ÍBR. ~~Þau sérráð sem hafa sjálfstæðan fjárhag, með samþykki framkvæmdastjórnar ÍBR, skulu skila ársreikningi til hennar.~~ Fyrir 15. apríl ár hvert skal sérráð senda til ÍBR skýrslu um starfsemi síðasta árs og ~~ársreikningi ef við á.~~ Hafi skýrslur þessar ekki borist fyrir 1. júní missir ráðið rétt sinn til að tilnefna fulltrúa á þing ÍBR.

Skýring: Með þessari breytingu munu sérráð ekki lengur hafa sjálfstæðan fjárhag og þurfa þar með ekki lengur að skila ársreikningi.

Breyting á 14. grein varðandi þing ÍBR þar sem lagt er til að yfirstrikaður texti falli út og undirstrikaður komi inn þar sem við á:

#### **14. grein**

Dagskrá þingsins skal vera þessi:

1. Þingsetning
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta og fyrsta og annars þingritara.

3. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
4. Lagt fram og rætt: Skýrsla stjórnar og ársreikningar og atkvæði greidd um þá.
5. Fyrri umræða um fjárhagsáætlun yfirstandandi árs og næsta árs og þjónustugjald félaganna.
6. Fyrri umræða um lagabreytingar, sem liggja fyrir. Laganefnd kjörin til að athuga breytingar fyrir ~~síðari fund þingsins~~ aðra umræðu.
7. Umræða um stefnumótun og starfsáætlun ÍBR.
8. Ræddar tillögur og mál, sem liggja fyrir.
9. Kosnar tvær 5 manna þingnefndir: fjárhagsnefnd og allsherjarnefnd.

#### ÞINGHLÉ

10. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla.
11.
  - a) Kosinn formaður ÍBR.
  - b) Kosnir þrjú stjórnarmenn af sex úr fráfarandi stjórn.
  - c) Kosnir þrjú stjórnarmenn.
  - d) Kosnir tveir varamenn.
  - e) Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.
  - f) Kosin þriggja manna kjörnefnd og einn til vara sbr. 8. grein.
  - g) Kosnar fastanefndir, er þingið ákveður.
12. ~~Lýst fjölda fulltrúa aðildarfélaganna til íþróttapings og kosnir viðbótarfulltrúar samkvæmt 16. gr.~~
13. Önnur mál.
14. Þingslit.

~~Þingið skal standa a.m.k. tvo daga.~~ Þingið skal móta stefnu ÍBR, a.m.k. til næstu tveggja ára með því að ákveða þá málaflokka, sem leggja ber áherslu á í starfi framkvæmdastjórnar. Öllum stærri málum, sem þingið fær til meðferðar, skal vísað til nefnda og starfa þær á milli funda. Allar kosningar skulu vera bundnar og skriflegar, séu fleiri tilnefndir en kjósa skal. Verði atkvæði jöfn, ræður hlutkesti. Komi til þess að fleiri séu í kjöri en sæti eru fyrir skulu þeir eiga þess kost að bjóða sig fram til annars embættis ef þeir bíða lægri hlut í kosningu. Í sambandi við þingið má flytja erindi og hafa íþróttasýningar, eftir því sem tími er til.

#### Skýring:

Með fyrri breytingunni er verið að laga lögina að því sem verið hefur raunin í mörg undanfarin ár þ.e. að vísa aðgerðinni til stjórnar. Það er skýrt kveðið á um aðferðina við að skipta fulltrúum milli félaga í 16. grein og því alger óþarfi að taka hana fyrir á hverju þingi.

Með síðari breytingunni er mögulegt að halda þing ÍBR á einum degi.

#### 16. grein

~~Fulltrúa ÍBR á Íþróttaping skal kjósa á bandalagsþingi.~~ Framkvæmdastjórn ÍBR útdeilir fulltrúum á Íþróttaping.

Á héraðssambandið rétt á fulltrúafjölda, sem miðast við hlutfall fjölda félagsmanna ÍBR af heildarfjölda félagsmanna ÍSÍ síðasta starfsár fyrir Íþróttaping.

- 1) Séu félagsmenn ÍBR færri en 10.000, skal fyrst kjósa koma einn fulltrúa frá framkvæmdastjórn, ~~tveir-tvö~~, ef félagsmenn eru frá 10.000 til 19.999, þrjá þrír, ef félagsmenn eru frá 20.000 til 29.999 og fjórir fjóra, ef félagsmenn eru 30.000 eða fleiri. Á sama hátt skulu koma jafnmargir varamenn ~~kösnir~~.
- 2) Hverfafélögin skulu síðan tilnefna einn aðalfulltrúa hvert.
- 3) Íþróttafélögin skulu síðan tilnefna aðalfulltrúa í hlutfalli við fjölda þingfulltrúa sinna á þingi ÍBR uns tilskyldum fulltrúafjöldi er náð, og skal miðað við reglur um hlutfallskosningar.
- 4) Varafulltrúar á Íþróttaping, jafnmargir aðalfulltrúum, skulu valdir þannig:
  - a) Fyrst komi einn varafulltrúi frá hverju aðildarfélagi ÍBR sem hefur tilnefnt aðalfulltrúa án þess að fá fulltrúa kjörinn í röð sem ræðst af fjölda þingfulltrúa á þingi ÍBR.
  - b) Þá varafulltrúa sem þá eru á eftir ~~að~~-kjósa, skal velja eftir sömu reglu og aðalfulltrúar eru valdir.

Berist ekki tilnefningar til ~~bandalagsþings~~ frá einhverjum aðildarfélögum, skal þingið kjósa stjórn ÍBR velja fulltrúa til þess að fylla tölu fulltrúa bandalagsins á íþróttaping.

Þau félög sem ekki senda fulltrúa á þing ÍBR, fyrirgera rétti sínum til að senda fulltrúa á Íþróttaping.

#### Skýring:

Hér er lagt til að færa löginn nær því sem er orðið venja í dag. Mörg undanfarin þing hefur þingheimur samþykkt að fela stjórn að skipta fulltrúum á Íþróttaping enda er skýrt kveðið á um hvernig það skuli gert í lögum bandalagsins. Auk þess er þing ÍBR jafnan haldið nokkru áður en Íþróttaping fer fram og því erfitt að tryggja að þeir sem væru tilnefndir yrðu örugglega „þingfærir“ þegar að því kemur. Fræðilega séð er einnig mögulegt að þing ÍBR fari fram á eftir Íþróttapingi og þyrfti þá að boða til aukapings til að ákveða fulltrúa á Íþróttaping.

**Stefna og starfsáætlun stjórnar ÍBR  
fyrir starfsárin 2017 og 2018.  
Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.**

**48. þing ÍBR, haldið 22.-23. mars 2017, samþykkir eftirfarandi stefnu og starfsáætlun framkvæmdastjórnar ÍBR fyrir starfsárin 2017 og 2018:**

Á grunni samstarfssamnings við Reykjavíkurborg verður unnið að ýmsum verkefnum sem þar er kveðið á um svo sem gerð afreksstefnu fyrir Reykjavík, skoðun á kostnaði félaganna við þjálfun barna og unglinga, rýnt í launakostnað vegna mannvirkja, viku- og æfingafjöldi í mannvirkjum skoðaður o.fl.

Lögð verður áhersla á að leita leiða með Reykjavíkurborg að tryggja fé til viðhaldsverkefna hjá íþróttafélögum.

Áfram verða gerðar kannanir á íþróttastarfi og þannig aflað upplýsinga sem nýtast til að leggja frekari línur í starfinu, hvar þurfi helst að styðja við og hvernig staða félaganna í Reykjavík er miðað við annarsstaðar. M.a. verður áfram unnið að því að gera samanburð milli sveitarfélaga varðandi aðstöðu til íþróttastarfs. ÍBR beiti sér fyrir því að íþróttavísar verði skilgreindir og birtir. Tilgangur íþróttavísa verði að veita yfirsýn yfir stöðu íþróttastarfs s.s. þátttöku, þjónustu, fjárframlög og mannvirki.

Á starfstímabilinu er stefnt að því að bjóða þeim sem starfa í íþróttahreyfingunni í Reykjavík að taka þátt í ýmsum námskeiðum og fyrirlestrum sem höfða til mismunandi hópa s.s. starfsmanna, stjórnarmanna, þjálfara, foreldra o.fl.

Einnig verði horft til þess að auka enn frekar framboð á möguleikum til þátttöku í íþróttum fyrir unglinga. Sérstaklega verði horft til þeirra unglinga sem vilja vera þátttakendur í íþróttafélögum en vilja ekki æfa oft í viku og hafa ekki hug á að verða afrefsfólk í íþróttum en vilja iðka sína íþrótt í sínu félagi. Með eflingu Verkefnasjóðs ÍBR opnast möguleikar á stuðningi við verkefni sem stuðla að þessu.

Íþróttafélög gegna mikilvægu hlutverki í mannlífi borgarinnar, sérstaklega í nærsamfélaginu og er mikill og vaxandi áhugi hjá almenningi um þátttöku í hinum ýmsu íþróttum. Íþróttafélögin hafa vilja og áhuga á því að svara kallinu og bjóða almenningi upp á möguleika til iðkunar íþróttanna í og við sín mannvirki og/eða í tengslum við hefðbundnara starf félaganna. Í þessu sambandi er mikilvægt að tryggja eðlilega þróun aðstöðu (mannvirkja og búnaðar). ÍBR mun leitast við að styðja við frumkvæði á þessu sviði í samstarfi við félögin og Reykjavíkurborg og getur Verkefnasjóður ÍBR nýst í því tilliti. ÍBR mun áfram sinna almenningsíþróttum

borgaranna með útleigu íþróttatíma í skólahúsum og með þátttöku í ýmsum verkefnum sem ætlað er að efla þátttöku almennings í íþróttum. Þá verður unnið að heilsueflingu eldri borgara í samstarfi við félögin og Reykjavíkurborg.

ÍBR mun áfram sjá um framkvæmd ýmissa viðburða sem eflt geta íþróttalíf í Reykjavík og fært geta tekjur til íþróttastarfs í Reykjavík.

Leitast verður við að aðstoða eftir megni ungt og efnilegt íþróttafólk sem og íþróttafólk í fremstu röð til þátttöku í mótum eða annarra verkefna sem ýtt geta undir enn frekari árangur þeirra m.a. í gegnum Afrekssjóð ÍBR.

Starfsemi sérráðanna verður efld enn frekar með aukinni aðstoð frá skrifstofu ÍBR og skipulag þeirra tekið til endurskoðunar.

Áfram verður unnið að inngöngu í UMFÍ en umsókn ÍBR að félaginu verður lögð fyrir þing þess haustið 2017.

ÍBR vinni eftir stefnumótun og framtíðarsýn fyrir íþróttastarf í Reykjavík til ársins 2020 í samstarfi við aðildarfélögin og Reykjavíkurborg. Á starfstímabilinu verði hafinn undirbúningur að stefnumótun til ársins 2030. Áfram verður unnið að því að efla jákvæða ímynd ÍBR sem hagsmunasamtaka íþróttafélaganna í Reykjavík og fagaðila í íþróttamálum almennt. Mikilvægt er að koma á framfæri við borgaryfirvöld að ÍBR sé aðili sem hægt er að treysta til að vera ráðgefandi aðili um íþróttamál í borginni á faglegan og skynsamlegan hátt. Jafnframt er mikilvægt að á hverjum tíma sé haldið virku sambandi milli félaganna og stjórnar og starfsfólks ÍBR þannig að starf bandalagsins endurspegli á hverjum tíma helstu þarfir félaganna og óskir um aðkomu ÍBR að tilteknum málum.

## **Tillaga um brottvikningu félaga.**

**Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.**

**48. þing ÍBR, haldið 22.-23. mars 2017, samþykkir að víkja Íþróttafélaginu Leiftra, Knattspyrnufélaginu Hómer, Íþróttafélaginu Einherjum, Íþróttafélagi heyrnarlausra og Ungmennafélaginu R36 úr bandalaginu.**

Greinargerð:

Samkvæmt lögum ÍBR, 6. grein, getur þing ÍBR tekið ákvörðun um að víkja félögum úr bandalaginu geri þau ekki skil á skýrslum, ársreikningum og gjöldum eða hafi ekki haldið aðalfund. Þessi félög hafa ekki staðið skil á þessum gögnum og ekki haldið aðalfund í nokkurn tíma.



## **Fjölnota íþrótt- og viðburðahús í Laugardal.**

**Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.**

**48. þing ÍBR, haldið 22.-23. mars 2017, samþykkir að fela stjórn ÍBR að kanna möguleika á að byggt verði fjölnota íþrótt- og viðburðahús í Laugardal. Gerð verði fýsileikakönnun fyrir slíkt mannvirki og skoðað með hvaða hætti hagkvæmast er fyrir íþróttahreyfinguna í Reykjavík að slíkt hús verði rekið. Leiði könnunin og viðræður við Reykjavíkurborg og aðra hagsmunaaðila í ljós að verkefnið sé talið fýsilegt þá skal stjórn ÍBR boða til formannafundar þar sem næstu skref verða ákveðin, enda sé ekki verið að stofna fjárhag ÍBR í hættu.**

Greinargerð:

Stjórn ÍBR kynnti á formannfundi í nóvember s.l. hugmyndir að byggingu fjölnota íþrótt- og viðburðahúss í Laugardal. Í Reykjavík er aðeins eitt knattspyrnuhús og fyrir liggur að þörf er á öðru stóru knattspyrnuhúsi í borginni. Jafnframt liggur fyrir þörf ýmissa greina um bættu aðstöðu. Laugardalurinn hefur af mörgum verið nefndur sem fýsilegur kostur vegna staðsetningar. Slíkt hús myndi léttu mjög á álagi við æfingar og keppni í knattspyrnu í borginni en þar gæfist einnig kostur á því að bæta úr aðstöðu fleiri íþróttafélaga og greina. Í mannvirkinu væri einnig hægt að skapa aðstæður til að hýsa stórvíðburði s.s. landsleiki eða alþjóðleg mót í mörgum íþróttagreinum með miklum fjölda áhorfenda.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við fýsileikakönnun geti numið allt að 10 milljónum króna. Stefnt er að því að mynda vinnuhóp sem komi að undirbúningi verkefnisins.

Markmiðið er að uppbygging og rekstur hins nýja húss muni hafa umtalsverð jákvæð áhrif fyrir rekstur íþróttahreyfingarinnar í borginni og á Íslandi heilt yfir.